



Proskapjálfafélag
Íslands

Aðalfundur Proskapjálfafélags Íslands Borgartúni 6, 105 Reykjavík 6. maí 2010

Þessi eru skyldustörf aðalfundar:

- a) kosnir starfsmenn fundarins
- b) formaður leggur fram skýrslu stjórnar
- c) gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu og gerir grein fyrir fjárhag þess
- d) lagabreytingar
- e) kosning í stjórn, nefndir og ráð
- f) kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og eins til vara
- g) lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld ákveðin
- h) önnur mál

Fundarstjóri skal sjá um að aðalfundur fari fram eftir ákvæðum þessara laga og almennum fundarsköpum.

Skýrsla stjórnar starfsárið 2009- 2010

Stjórn ÞÍ

Stjórn ÞÍ skipuðu: Salóme Þórisdóttir formaður, Sigríður Rut Hilmarsdóttir varaformaður, Guðlaug Valgarðsdóttir ritari, Valborg Helgadóttir gjaldkeri og meðstjórnendurnir Bryndís Guðmundsdóttir, Huldís Franksdóttir og Laufey E. Gissurardóttir. Stjórn skipti með sér föstum verkefnum.

Salóme og Sigríður Rut sitja í miðstjórn BHM

Tengiliðir við nefndir og ráð:

Sigríður Rut tengiliður við trúnaðarmannaráð

Guðlaug er fulltrúi félagsins í Þorskahjálp og formaður starfsleyfisnefndar

Valborg tengiliður við laganefnd og situr í stjórn Vísinda- og Kjaradeilusjóðs

Huldís tengiliður við útgáfuráð og fulltrúi í stjórn NFFS

Bryndís við fagrað

Laufey fulltrúi í ritstjórn Netlu og stjórn NFFS

Salóme tengiliður við siða- og , kjörnefnd og fulltrúi í stjórn NFFS og AIEJI

Starfshlutfall á skrifstofu skiptist þannig: Formaður í fullu starfi, fulltrúi í 35% starfi, varaformaður og gjaldkeri í 10 % starfi. Starfsmaður þjónustuskrifstofunnar sér um almenn skrifstofustörf, símsvörun, vinnu í kringum félagatal og bókhald. Mikill kostur er af því að hafa fastan starfsmann á skrifstofunni sérstaklega varðandi þætti sem snúa að svarþjónustu við félagsmenn. Bókhald ársins 2009 var unnið af fulltrúa á skrifstofunni og endurskoðun var keypt af BJ Endurskoðunarskrifstofu ehf og vinna við heimasíðu af Magnúsi Helga Björgvinssyni.

Stéttarfélagar eru um 550 talsins, fagaðilar 15 auk þess sem nokkrir nemar í þroskajálfafræðum skráðu sig sem aukafélaga.

Fundir

Stjórn fundaði reglulega á árinu. Stjórnarfundir voru 17 talsins, auk þess sem stjórn hélt vinnufund um starfsemi og stefnu félagsins. Umfjöllunarefni stjórnar voru hefðbundin kjara-, fag- og rekstrarmál félagsins.

Málþing ÞÍ var haldið 28. – 29. Janúar. Þingið bar yfirskriftina *Heim í hérað: - Nýjar áskoranir – ný tækifæri fyrir alla*. Það var mjög vel sótt og þótti vel heppnað.

3 fagfélagsfundir voru á árinu. Þann 12. nóvember kynntu Guðný Stefánsdóttir og Erna Einarisdóttir meistaraverkefni sín og Laufey E. Gissurardóttir könnun á högum fólks með þroskahömlun, 45 ára og eldri. Þann 16. mars var röðin komin að Lilju Össurardóttur og

Laufeyju Gunnarsdóttur að kynna sín meistaraverkefni og 21. apríl var fræðsla um hið s.k. SIS-mat sem Guðný Stefánsdóttir sá um.

Nefndir og ráð hafa starfað með reglubundnum hætti á árinu. Með starfi í nefndum og ráðum gefa félagar mikilvægan skerf til starfsemi félagsins. Þar er grasrótin og án hennar er ekkert félag. Þí hefur átt miklu láni að fagna með breiðri þátttöku félagsmanna í starfsemi félagsins. Þessum aðilum er seint fullþakkað.

Kjaramálin

Það má með sannni segja að starfsárið hafi einkennst af kjara – og réttinda umræðum alls konar þó að lítið hafi farið fyrir kjarasamningum. Þí gerði ekki kjarasamninga á síðasta ári og er því líkt og önnur aðildarfélög BHM með lausa samninga. Ástæðu þess má rekja til efnahagshrunsins en í kjölfarið á því var gerður þríhliða sáttmáli aðila vinnumarkaðarins og hins opinbera, *Stöðugleikasáttmálinn* um markmið í rekstri hins opinbera, atvinnu- og vinnumarkaðsúrræðum sem og kjaramálum út nóvember 2010. Stéttarfélög áttu ekki beina aðkomu að gerð hans heldur heildarsamtök félaganna, BHM fyrir Þí.

- *Áhersluatriði BHM í ferlinu varðandi ríkisfjármálin voru að marka þyrfti skýra heildarsýn og stefnu í ríkisrekstri og óhjákvæmilegum niðurskurði og gæta þess að hagræðing yrði ekki gerð á kostnað fagmennsku. Hvatt var til samráðs við faghópa við endurskipulag og hagræðingu og eindregið lagst gegn flötum niðurskurði. Varað var við atgervisflötta úr landi og athygli vakin á ógnun við kjör millitekjufólks. Fulltrúar BHM í atvinnu/efnahagsmálahópi gagnrýndu áherslu á störf ófaglærðra og mannaflafrekra framkvæmda í áætlunum um atvinnumál og hvöttu til að skoðaður yrði hlutur háskólamenntaðra og hugað að störfum kvenna.*
- *Varðandi launamál og önnur kjaramál voru áherslur BHM að verja skyldi taxtalaun og störf. Tekið var undir áherslur um að huga sérstaklega að kjörum þeirra verst settu í þjóðfélaginu. Fulltrúar BHM töluðu ekki fyrir taxtahækkunum, frekar var tekið undir hugmyndir um svokallaða 0-laun, eða óbreytt ástand, enda ljóst að hverri hækkun yrði að mæta með niðurskurði sem óhjákvæmilega myndi bitna á fólki með meðaltekjur. Lögð var áhersla á að hugmyndum um 0-laun við framlengingu kjarasamninga yrði að mæta með upplýsingagjöf af hálfu hins opinbera um væntanlegt kjaraumhverfi, svo sem hvað varðar skattabreytingar, tilfærslur og bótakerfi, en allar þessar stærðir voru til endurskoðunar á þessum tíma vegna bágrar stöðu þjóðarbúsins.*

Áherslur BHM náðu ekki fram að ganga og gengu flest stéttarfélög BSRB að kjarasamningi sem fól í sér stíglækkandi hækkanir upp launatöfluna að 310.000 kr. markinu. Þí taldi þessar forsendur ekki vera félagsmönnum til raunverulegra hagsbóta og gerði því ekki nýja kjarasamninga. Félagið lítur á að með aðild að stöðugleikasáttmálanum verði ekki farið í kjaraviðræður sem byggja á öðrum forsendum en samið var um við aðra s.l. sumar. Gert er ráð fyrir að gengið verði til kjarasamninga í haust enda er í stöðugleikasáttmálanum gengið út frá því að kjarasamningar gildi almennt út nóvember.

Stofnanir á vegum ríkisins og sjálfseignastofnanir

Formlegir fundir samstarfsnefnda stofnana ríkisins og sjálfseignastofnana hafa ekki verið haldnir. Félaginu hafa ekki borist formleg erindi varðandi röðun starfa hjá ofangreindum stofnunum. Félagsmenn leita til félagsins til að fá staðfestingu á röðun. Það hefur borið við að umfang starfa bendi til að það sé ekki í samræmi við stofnanasamninga. Í þeim tilfellum er félögum bent á að leita réttar síns hjá launagreiðanda. Úrlausnum hefur ekki verið vísað til þí.

Launanefnd sveitarfélaga

Röðun og túlkun kjarasamninga LN og ÞÍ er reglulega til umfjöllunar hjá samstarfsnefndum aðila. Þetta eru oft snúin mál þar sem hvert sveitarfélag byggir forsendur sínar gjarnan á forsendum sem ekki eru í samræmi við miðlægan kjarasamning. Samstarfsnefndin hefur haft þrjú mál til umfjöllunar á árinu. Sátt var um röðun í einu tilfelli. Hin tvö bíða frekari úrlausnar en ljóst er að annað þeirra verður líklega ekki leyst án þess að vísa því til Kjaradóms. Undirbúningur þess er í gangi.

Reykjavíkurborg

Röðum starfa hjá Reykjavíkurborg fara í gegnum starfsmatskerfið. Lítið hefur verið um ný störf á árinu. Starfi þriggja félagsmanna var raðað. Annars vegar var um tvö störf í grunnskólum að ræða og hins vegar um starf í búsetuþjónustu. Vinnuhópur ÞÍ og Reykjavíkurborgar sem skila átti niðurstöðu varðandi vinnutímaskilgreiningu þroskaþjálfar í grunnskólum náði því ekki. Ekki náðist sátt í nefndinni og tillögur fulltrúa Reykjavíkurborgar alls óásættanlegar fyrir ÞÍ.

Kjaraskerðing undanfarinna missera hefur bitnað á félagsmönnum ÞÍ á sama hátt og öllum öðrum. Aðgerðir sem gerðar hafa verið til hagræðingar og niðurskurðar í rekstri hins opinbera hafa að sjálfsögðu haft áhrif á starfsumhverfi þroskaþjálfar. Þó að fáir þroskaþjálfar séu atvinnulausir þá hafa margir fundið fyrir því að dregið hefur úr framboði á atvinnu. Ýmis sveitarfélög hafa nú þegar hafið niðurskurðaraðgerðir sem einkum felast í skerðingu á starfshlutfalli og endurskilgreiningum starfa.

Af einstökum málum sem komið hafa til afgreiðslu félagsins eru það mál sem varða ráðningakjör og réttindi félagsmanna sem vega þyngst. Félagið hefur það að markmiði að standa þétt við bakið á félagsmönnum sínum í samskiptum þeirra við launagreiðendur. Ýmis starfslokategnd mál og mál sem varða breytt skipulag vinnustaða hafa komið til kasta félagsins. Þar hefur komið í ljós mikilvægi þess fyrir félagsmenn að eiga sterkt stéttarfélag að baki sér.

Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytis f.h. fjármálaráðherra hefur undanfarna mánuði yfirfarið verkfallsheimildir stéttarfélaga. Stjórn ÞÍ hefur haldið fast í aðferðir við framkvæmd verkfalls ÞÍ árið 2001. Þar var megin reglan að allir þroskaþjálfar nema forstöðuþroskaþjálfar í búsetuþjónustu og sviðsstjórar (eða sambærilegir stjórnendur) gera verkfall. Þessari framkvæmd var ekki mótmælt 2001. Allar stofnanir sem þroskaþjálfar starfa nú hjá hafa samþykkt þessa framkvæmd nema svæðisskrifstofur málefna fatlaðra í Reykjavík og á Reykjanesi. Stjórnendur þar telja að allir þroskaþjálfar í sólarhringsþjónustu, þ.m.t. skammtímavistun eigi ekki að hafa verkfallsrétt. Stjórn ÞÍ hefur ítrekað við fulltrúa fjármálaráðherra að ekki verður um það að ræða af hálfu félagsins að hliðra á nokkurn hátt til

reglum um framkvæmd verkfalls. Verkfallsrétturinn er ótvíræður og það er skýlaus krafa okkar að hann sé virtur.

Ýmis mál

- Á árinu hefur starf faghópa félagsmanna eflst. Stofnaðir hafa verið faghópar þroskaþjálfar sem starfa í grunnskólum, leikskólum, dagþjónustu og búsetuþjónustu. Virkni hópanna er misjöfn enda misjafnt hver staða fólks er varðandi þörf fyrir samráð og samstarf. Þessir hópar starfa alfarið sjálfstætt og hafa skipað sér eigin *stjórnir* til að halda utan um og skipuleggja starfið. Starf af þessum toga er nauðsynlegt til eflingar fagstéttarinnar.
- Formaður sat fundi með félagsmönnum sem starfa hjá svæðisskrifstofum og Ási styrktarfélagi. Þar var farið yfir stöðu mála, sérstaklega m.t.t. þess hvort starfsumhverfi hafi breyst, t.d. kröfur um aukið vinnuframlag. Mat manna var að gott samstarf væri við launagreiðendur og samstaða um að komast í gegnum yfirstandandi erfiðleika.
- Stjórn félagsins hélt sérstakan fund með forstöðuþroskaþjálfum sem starfa hjá stofnunum ríkisins og sjálfeignastofnunum. Lögð var áhersla á að fá forstöðuþroskaþjálfar utan höfuðborgarsvæðisins til að mæta. Fundurinn var vel sóttur og gat fólk deilt upplifun sinni og aðstæðum með kollegum af öðrum svæðum. Forstöðuþroskaþjálfar eru e.t.v. sá hópur sem niðurskurðaraðgerðir brenna hvað mest á. Mikilvægt er að þeir njóti stuðnings og geti miðlað reynslu sinni hver til annars.
- Í skýrslu aðalfundar 2009 kom fram að formaður ÞÍ sat í nefnd á vegum Félags- og tryggingamálaráðuneytis til að fjalla um réttindagæslu fatlaðs fólks. Enn er beðið viðbragða ráðherra við hvaða farveg hann hyggt setja hana í.
- Starfshópur sem aðalfundur ÞÍ 2008 lagði til að yrði settur á laggirnar til að fjalla um tilfærslu á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélagalauk lauk störfum á árinu. Hópurinn hafði þá áður leitað eftir samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga um mikilvæga þætti tilfærslunnar. Sambandið taldi það ekki vera hlutverk sitt. Starfshópurinn lauk starfi sínu með að hvetja til frumkvæðis af hálfu ÞÍ í að koma á umræðu og skoðanaskiptum um verkefnið. Var það m.a. gert með efni málþingsins í janúar s.l.
- Samráðshópur, sem formaður situr í, um starfsmannahluta tilfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga fundaði reglulega fram að áramótum. Um er að ræða flókið mál sem snýr að ýmsum kjara- og stéttarfélagslegum réttindum starfsmanna. Áherslur ÞÍ hafa beinst að mikilvægi þess að allir félagsmenn haldi störfum sínum og að réttindi þeirra og starfskjör verði á engan hátt skert. Þetta hefur ekki tekist að tryggja.
- Dagbækur félagsins voru fastur liður til handa félagsmönnum. Þær nutu vinsælda en voru þó fyrir einhverja óþarfar þar sem margir launagreiðendur sjá starfsmönnum sínum fyrir dagbókum. Í þetta sinn var ákveðið að fara aðrar leiðir og senda

félagsmönnum tölvuminnislykla merкта féluginu. Það er von stjórnar að minnislyklarnir komi að góðum notum. Ætlunin er að nýir félagsmenn fái einn lykil en þeir eru jafnframt til sölu á skrifstofunni.

- ÞÍ veitti ekki s.k. jólastyrk í ár. Stjórn ákvað hins vegar að sýna félagsmönnum í nefndum og ráðum sem leggja ómælda vinnu í starfsemi félagsins þakklæti með því að gefa þeim hangikjöt fyrir jólin.
- Vísindasjóður afgreiddi 303 umsóknir í A-sjóð en 299 hlutu styrk. Þrír hlutu styrki úr B- hluta sjóðsins.
- Stofnaður hefur verið Fag- og fræðslusjóður ÞÍ í samræmi við samþykkt aðalfundar 2009. Reglur sjóðsins eru í lokavinnslu en hlutverk sjóðsins verður að veita styrki vegna framhaldsnáms og ekki síður vegna þróunarverkefna. Sjóðurinn er fjármagnaður af félagsgjöldum.
- Vísindasjóður ÞÍ er í dag fyrir þroskajálfa sem starfa hjá sveitarfélögum og Reykjavík. Umsóknir þeirra sem rétt hafa um styrk úr sjóðnum skulu berast féluginu fyrir 1. ágúst. Úthlutað verður eigi síðar en 1. október. Upplýsingar og umsóknareyðublöð má nálgast á skrifstofu og heimsíðu félagsins www.throska.is
- Í Starfsleyfisnefnd eru Guðlaug Valgeirsdóttir, Hildur Eggertsdóttir og Ingunn Rán Kristinsdóttir. Helsta verkefni nefndarinnar auk umfjöllunar um starfsleyfisumsóknir hefur verið að ná samstarfi við Landlæknisembættið og HÍ um að skilgreina kröfur sem umsækjendur verða að uppfylla til að hljóta starfsleyfi. Umsækjendur koma víða að og hafa misjafnan menntunargrunn sem oft reynist erfitt að meta sem fullnægjandi forsendur fyrir starfsleyfisveitingu. Nefndin hafði þrjú mál til umfjöllunar

Menntunarmál

Verið er að leggja grunn að formlegri samráðsnefnd ÞÍ og Þroskajálfabrautar HÍ. Helsta verkefni hópsins á næstu vikum verður að ná fram lengingu náms til starfsréttinda sem þroskajálfi. Það er mjög mikilvægt að þetta mál nái fram að ganga á öruggan og skjótan máta. Í því sambandi er vert að benda á að starfsréttindi félagsráðgjafa sem og kennara er háð MA prófi. Störf þroskajálfa eru flókin og umfangsmikil og krefjast mikillar fagþekkingar sem ekki næst að læra á 3 árum til að standa undir gerðum kröfum.

Félagmenn eru hvattir til að kynna sér og fylgjast vel með þróun menntunarmála sinna. Það er á ábyrgð hvers og eins að stunda endur- og símenntun, því þurfum við öll að fylgjast vel með og gera kröfur um að framboð náms sé í samræmi við þarfir okkar.

Í ár útskrifast um 55 nemendur með BA í þroskajálfun frá HÍ og vonandi koma þeir allir til starfa sem þroskajálfar og gerast félagar í ÞÍ. Stjórn ÞÍ óskar þeim öllum innilega til hamingju og hlakkar til farsæls samstarfs í framtíðinni.

Frá síðasta aðalfundi hafa verið tveir fundir á vegum NFFS. Ísland fer með stjórn félagsins fram að næsta vorfundi 2011. Haustfundurinn 2009 og vorfundurinn í ár voru haldnir hér í Reykjavík. Helstu verkefni félagsins um þessar mundir er að undirbúa stóra ráðstefnu *Velferð á óvissutímum. Hvert stefnum við – ábyrgð fagstétta* sem haldin verður hér á landi í ágúst á næsta ári og greinargerð varðandi faglega ábyrgð og starfshætti í starfi fyrir fólk með þroskahömlun auk málefna sem hæst bera meðal starfsstéttanna í hverju landi.

Formaður ÞÍ situr í stjórn AIEJI (International Association of Social Educators). Stjórn samtakanna hittist að jafnaði tvisvar á ári og eru fundir haldnir á mismunandi stöðum til að styðja við starfsemi aðildarfélags í viðkomandi landi. Næsta alþjóðlega ráðstefna samtakanna verður árið 2013 í Lúxemborg. Til að fræðast frekar um þessi samtök er fólki bent á heimasíðu samtakanna www.aieji.net.

Af vettvangi Bandalags háskólamanna úr aðalfundargögnum BHM

Eftirtaldir aðilar skipuðu stjórn BHM starfsárið 2009-2010

Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður (SSÞ), Páll Halldórsson, varaformaður (FÍN), Bragi Skúlason, ritari (Fræðagarði), Jörundur Guðmundsson, gjaldkeri (FH), Salóme Þórisdóttir (ÞÍ) Ársæll Baldursson (KVH) og Vilborg Oddsdóttir (FÍ)

Varamenn:

Margrét Gunnarsdóttir (FÍF) og Bára Hildur Jóhannsdóttir (LMFÍ)

Miðstjórn

Miðstjórnarfundir eru haldnir þriðja miðvikudag hvers mánaðar og voru á árinu 12 talsins, að meðtöldum auka miðstjórnarfundum vegna stöðugleikasáttmálans þann 25. júní, undirritunardags sáttmálans.

Stýrihópar BHM

Á síðasta starfsári (2008-2009) hófst starf í þremur stýrihópum BHM; um fag- og kynningarmál, kjara- og réttindamál og þjónustu og aðbúnað. Í hverjum hópi situr fulltrúi úr stjórn (formaður hópsins), tveir fulltrúar skipaðir af miðstjórn og einn lykilstarfsmaður úr starfsliði BHM, auk þess sem formaður BHM situr fundi allra hópanna þriggja.

Hóparnir funda misoft og -þétt í samræmi við ólík viðfangsefni þeirra. Á þessu starfsári unnu stýrihóparnir hver um sig skipunarbréf í samræmi við mat hópanna á æskilegum starfsháttum. Skipunarbréfin voru samþykkt af stjórn BHM og eru samræmd að formi en endurspegla þó breytileika hópastarfsins.

Stýrihópur um kjara- og réttindamál

Hópurinn hélt 34 fundi á starfsárinu. Þar af voru 8 fundir opnir auk þess sem haldnir voru fundir með félögum sem eiga félagsmenn á Landspítala og í háskólum.

Á fundum hópsins var reglulega farið yfir stöðu félaganna sem og viðræður sem bandalagið á við stjórnvöld, önnur heildarsamtök launafólks og samtök atvinnurekenda. Hópurinn stóð fyrir kjarakönnun vorið 2009 sem verður endurtekin í vor. Hópurinn vinnur nú að skipulagningu kjararáðstefnu BHM þar sem fjallað verður um stefnuna í kjaramálum og hvert framhaldið verður eftir að stöðugleikasáttmálinn rennur sitt skeið á enda.

Á aðalfundi 2010 mun fjölga um 2 fulltrúa úr miðstjórn í hópnum (úr tveimur í fjóra) í samræmi við erindisbréf hópsins sem unnið var á árinu og samþykkt af stjórn BHM.

Stýrihópur um fag- og kynningarmál

Helstu verkefni hópsins á árinu hafa verið skipulag og utanumhald námskeiða og fyrirlestra á vegum BHM. Unnið var erindisbréf fyrir hópinn sem samþykkt var af stjórn BHM.

Stýrihópur um þjónustu og aðbúnað

Störf hópsins:

Um fjöllum um samskiptamáta og þjónustuviðmót BHM, svo sem miðlun upplýsinga, notkun á póstlistum og símsvörum. Einnig hefur verið fjallað um verkvið hópsins til aðgreiningar frá t.d. daglegum rekstri BHM og verkefnum húsfélagsins.

Verkaskipting starfsmanna BHM var til umfjöllunar.

Farið var yfir nefndir og ráð á vegum BHM og í hvaða tilfellum er greitt fyrir nefndarsetu.

Ábendingum var komið til stjórnar.

Skoðuð voru möguleg áhrif brotthvarfs FÍH á þjónustu BHM.

Farið var yfir hvaða þjónustu BHM á að veita til að mæta þörfum aðildarféлага sem best.

Unnið er að gerð spurningavagna sem er ætlað að vera einskonar þarfagreiningar fyrir þjónustu BHM. Í fyrstu könnuninni verður aflað upplýsinga um þörf aðildarféлага fyrir lögræðiþjónustu og notkun. Um er að ræða netkönnun sem stjórnir eða starfsfólk aðildarféлага svara.

Bakhópur um lífeyrismál – í samræmi við samþykkt aðalfundar 2009:

Á aðalfundi BHM 2009 var eftirfarandi tillaga samþykkt: „Aðalfundur BHM 2009 vísar til miðstjórnar að skipa nefnd sem hefur það hlutverk að vera bakhópur fulltrúa BHM í stjórn LSR og LSSR. Hlutverk nefndarinnar er að gæta hagsmuna félagsmanna með því að fjalla um fjárfestingastefnu sjóðsins sem og aðrar mikilvægar ákvarðanir sem hafa áhrif á afkomu hans og þar með á réttindi félagsmanna. Þetta á m.a. við um þær hugmyndir sem hafa verið uppi um að nota lífeyrissjóði landsmanna til að leysa að hluta yfirstandandi efnahagskreppu. Nefndin hafði einnig það hlutverk að koma þessum upplýsingum á framfæri við félagsmenn og stuðla þannig að upplýstri umræðu um málefni LSR.“

Ákveðið var að verklagið yrði þannig að boðað yrði til opins fundar þar sem kæmu fulltrúar allra þeirra féлага sem áhuga hefðu. Sá fundur var haldinn 3. september 2009. Þar var ákveðið

að framhaldið yrði þannig að smærri kjarni hittist reglulega, en þó þannig að öllum fulltrúum væri heimilt að mæta á fundi nefndarinnar. Í hópinn voru skipuð þau Ársæll Baldursson, KVH; Elsa B. Friðfinnsdóttir, FÍH; Guðlaug Kristjánsdóttir, BHM; Helga Birna Ingimundardóttir, FH; Jóhannes Finnur Halldórsson, FHSS; Páll Halldórsson, FÍN; Stefán Aðalsteinsson, BHM og Trausti Baldursson, FÍN. Fulltrúi FÍH hætti störfum við úrsögn félagsins úr bandalaginu. Hópnum var jafnframt falið það hlutverk að vera bakland fyrir fulltrúa BHM í stjórn lífeyrissjóðsins. Einnig kom fram í umræðum að víkka þyrfti út verkefni nefndarinnar. Bera þyrfti saman mismunandi lífeyrissjóði, reglur þeirra og réttindi félagsmanna. Ljóst væri að lífeyriskerfi LSR myndi breytast á komandi árum til einhvers samræmis við það kerfi sem sjóðir án vinnuveitendaábyrgðar hefðu og er þar m.a. litið til aldurstengdrar lífeyrisávinnslu.

Sem bakland fyrir stjórnarmann BHM í LSR hefur hún m.a. fjallað um stöðu lífeyrissjóðsins, fjárfestingastefnu hans og Framtakssjóð Íslands, en fulltrúi BHM greiddi atkvæði gegn fjárfestingu LSR í honum. Hún hefur jafnframt verið ráðgefandi fyrir fulltrúa BHM í nefnd um málefni lífeyrissjóða, sbr. 9. gr. stöðugleikasáttmálans.

Eitt af hlutverkum nefndarinnar er að bera saman mismunandi réttindakerfi og reglur lífeyrissjóða. Til þess verkefnis, sem er flókið og viðamikíð, hefur hún fengið Vigfús Ásgeirsson, tryggingastærðfræðing til liðs við sig.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

BHM á aðild að stjórn sjóðsins ásamt BSRB og Kennarasambandinu sem skipa helming stjórnarmanna en hinn helminginn skipa fulltrúar fjármálaráðherra. Fulltrúi bandalagsins í stjórninni er Páll Halldórsson.

Starfið í stjórninni lýtur að tvennu, að tryggja rétt félagsmanna til lífeyris og að fylgjast með ávöxtun sjóðsins.

Hvað fyrrnefnda atriðið varðar hafa mál sem snerta félagsmenn sem ekki fengu að greiða í sjóðinn á fyrri hluta starfsævinnar verið fyrirferðarmikil. Hér er um að ræða félagsmenn sem voru í upphafi ráðnir til ríkisins á verri ráðningarkjörum en reglur sjóðsins mæla fyrir um og var því gert að greiða í Söfnunarsjóð eða biðreikning oft með fyrirheiti um að iðgjöldin yrðu færð í LSR með bættum ráðningarkjörum. Fjármálaráðherra og fulltrúar hans í stjórn LSR hafa staðið í vegi fyrir slíkum flutningi. Nú hefur verið ákveðið að hefja sérstakar viðræður við ráðuneytið um lausn þessa máls. Um mál sem snerta lífeyrisrétt einstaklinga sem aðild eiga að sjóðnum hefur verið fjallað í sérstakri starfsnefnd og er fulltrúi BHM þar Stefán Aðalsteinsson. Þrátt fyrir miklar afskriftir vegna bankahrunsins var ávöxtun sjóðsins góð. Hrein raunávöxtun LSR samstæðunnar var 2,9% árið 2009 á móti -25,3% 2008. Skiptir hér mestu góð ávöxtun erlendra eigna. Nú er svo komið að hrein eign til greiðslu lífeyris er orðin meiri en hún var fyrir hrún. Þrátt fyrir þetta hefur sjóðurinn orðið fyrir miklum skakkaföllum. Þannig verður ekki hjá því komist að hækka iðgjald atvinnurekenda til A-deildar til að sjóðurinn geti staðið undir réttindum.

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga

BHM á aðild að stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (LSS) sem hóf starfsemi árið 1999 og fagnaði því tíu ára starfsafmæli á liðnu ári. Sjóðurinn er ungur að árum en fjöldi einstaklinga sem greiða iðgjald til sjóðsins hefur vaxið jafnt og þétt og sama má segja um eignir sjóðsins. Á árinu 2009 greiddu að meðaltali 12.038 einstaklingar mánaðarlega iðgjöld til

samtryggingadeilda sjóðsins og námu iðgjaldagreiðslurnar 5.337 milljónum króna. Hrein eign til greiðslu lífeyris í sameigna- og séreignadeild nam 41.970 milljónum króna í árslok 2009. Hlutverk stjórnar LSS er vitanlega að gæta hagsmuna sjóðsfélaga og er það meðal annars gert með ábyrgri fjárfestingastefnu og markvissri eignastýringu. Þrátt fyrir varfærna fjárfestingastefnu þurfti LSS að afskrifa hlutabréf og færa niður eignir í skuldabréfum í kjölfar bankahrunsins haustið 2008. Vegna slæmrar afkomu lánastofnana og margra annarra fyrirtækja á árinu 2009 var talið nauðsynlegt að auka niðurfærslu skuldabréfa enn frekar í varúðarskyni. Heildarniðurfærsla ársins nam 2.943 m.kr. og enn ríkir óvissa um uppgjör á gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningum sem LSS hafði gert við tvo af föllnu bönkunum. Afkoma sjóðsins var mun betri en árið á undan því nafnávöxtun var 10,1% og hrein raunávöxtun 1,4% en árið 2008 var raunávöxtun neikvæð um 12%.

Síðast liðið sumar flutti LSS starfsemi sína í eigið húsnæði við Sigtún 42 en fram að því hafði sjóðurinn verið í leiguhúsnæði í Vegmúla 2. Nýja húsnæðið er rúmgott og mun því fullnægja þörfum sjóðsins um langa framtíð. Fulltrúi BHM í stjórn LSS er Halldóra Friðjónsdóttir en skipað er í stjórn til fjögurra ára í senn og rennur skipunartími núverandi stjórnar út í haust.

Vinnumálastofnun

Meðal verkefna Vinnumálastofnunar er að halda skrá yfir laus störf sem í boði eru á landinu öllu. Miðla upplýsingum um laus störf til atvinnuleitenda og veita þeim aðstoð við að finna störf við hæfi, sem og að aðstoða atvinnurekendur við ráðningu starfsfólks og veita þeim upplýsingar um framboð á vinnuafli.

Vinnumálastofnun annast skipulag vinnumarkaðsúrræða, s.s. námskeiða, starfsúrræða, ráðgjöf, námsúrræða og atvinnutengdrar endurhæfingar. Þjónusta ráðgjafa Vinnumálastofnunar skal miðast við einstaklingsbundnar þarfir hvers og eins atvinnuleitanda. Vinnumálastofnun ber að leggja mat á vinnufærni atvinnuleitanda þegar hann sækir um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum. Á grundvelli matsins er gerð áætlun um atvinnuleit hans og þátttöku í viðeigandi vinnumarkaðsúrræðum, eða honum leiðbeint um aðra þjónustu ef þörf er talin á.

Vinnumálastofnun skal reglulega afla upplýsinga um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur frá einstökum landshlutum. Jafnframt skal hún fylgjast með samsetningu vinnuaflsins í landinu, kanna reglubundið mannaflapörf og framtíðarhorfur í atvinnugreinum og miðla upplýsingum um atvinnuástandið í landinu.

Fyrirhugað er að ný stofnun Vinnumarkaðsstofnun taki til starfa um áramót og taki við verkefnum Vinnumálastofnunar og Vinnueftirlits.

Atvinnuleysistryggingasjóður

Atvinnuleysistryggingasjóður er fjármagnaður með svokölluðu atvinnutryggingagjaldi sem er sérstakt gjald sem launagreiðendur greiða af heildarlaunum launafólks. Til að mæta aukinni fjárpörf sjóðsins var tryggingagjaldið hækkað um 1,6%.

Nokkrar breytingar voru gerðar á lögum um atvinnuleysistryggingar í árslok 2009 og var meginmarkmið breytinganna að koma á meiri festu við framkvæmd laganna og koma í veg fyrir ætlaða misnotkun. Stjórn sjóðsins taldi að margt í lögnum væri til bóta en gagnrýndi að lítið samráð hefði verið haft við aðila vinnumarkaðarins við gerð lagafrumvarpsins.

Jafnréttisráð

Ný jafnréttislög voru samþykkt á Alþingi í mars 2008. Samkvæmt þeim eiga samtök launafólks tvo af ellefu fulltrúum í jafnréttisráði. Nýtt jafnréttisráð var skipað í framhaldi af alþingiskosningum árið 2009, að vísu ekki fyrr en í október og tók þá Guðlaug Kristjánsdóttir (BHM) sæti sem annar tveggja fulltrúa samtaka launafólks. Ráðið fundar að jafnaði einu sinni í mánuði.

Nýr formaður Jafnréttisráðs er Þórhildur Þorleifsdóttir.

Þema starfsársins 2009-2010 er samþætting fjölskyldu- og atvinnulífs.

Jafnréttisráð veitir árlega viðurkenningu fyrir góðan árangur í jafnréttismálum.

Árið 2009 varð fyrir valinu kvennalandslið Íslands í fótbolta, fyrst og fremst vegna fordæmisgildis starfs og árangurs liðsins.

Ráðið veitti styrki til verkefnisins „Jafnrétti í leik- og grunnskólum“ og rannsóknarinnar „Vinna, heimili og kynhlutverk fyrir og eftir bankahrun“, með ákveðnum fyrirvörum til að tryggja gagnsemi rannsóknarinnar fyrir þemaár Jafnréttisráðs.

Jafnréttisráð sendi m.a. frá sér ályktun gegn skerðingu fæðingarorlofs, um hlutdeild kvenna í stjórnun íslensks atvinnulífs og í tengslum við stjórnarkjör VR.

Sjá nánar: <http://jafnrettisrad.jafnretti.is/jafnrettisrad/?D10cID=news>

Starfsendurhæfingarsjóður, VIRK

BHM gerðist aðili að Starfsendurhæfingarsjóði 2009 og á, ásamt KÍ, aðalfulltrúa og varafulltrúa í stjórn sjóðsins. Aðalfulltrúi er Guðlaug Kristjánsdóttir (BHM), en varafulltrúi (sem situr að jafnaði fundi stjórnar sjóðsins) er Eiríkur Jónsson (KÍ).

Starf ársins hjá VIRK hefur einkennst af þeirri staðreynd að um nýjan sjóð er að ræða sem er í uppbyggingu. Ráðgjöfum hefur fjölgað um land allt og starfsemi þeirra verið byggð upp. Kynning á sjóðnum hefur átt sér stað jafnt til félagsmanna (notenda), stéttarfélaga og atvinnuveitenda. Starf sjóðsins hefur mælst vel fyrir hjá þiggjendum þjónustu, en óhætt er að segja að hann hafi verið – og sé – pólitískt umdeildur, enda um ný útgjöld að ræða hjá hinu opinbera á tímum niðurskurðar. Snúast þau skoðanaskipti öðru fremur um hvort tilvist sjóðsins sé til þess fallin að valda mismunun á rétti til starfsendurhæfingar, þar sem honum er ætlað að þjóna fólki á vinnumarkaði.

Fjármögnun sjóðsins og samræming réttinda allra launamanna, óháð vinnumarkaðsstöðu, rataði inn í Stöðugleikasáttmálann, en þar eru ákvæði bæði um tímasetningar fyrstu inngreiðslna úr lífeyrissjóðum og frá ríkinu, sem og fyrirheit um lögbindingu iðgjalda. Um öll atriðin hefur staðið styr á árinu, en frumvörp liggja nú fyrir þingi í samræmi við fyrirheit Stöðugleikasáttmála.

VIRK hefur á árinu skoðað mögulega samvinnu við Vinnumálastofnun, á þeim grundvelli að fólk í langvarandi atvinnuleysi geti talist í aukinni áhættu á örorku. Hugmyndir hafa verið um samstarf við skimun hjá þessum hópi, þar sem úrræði yrðu veitt hjá VIRK þar sem heilsutengd vandkvæði kæmu fram.

Heimasíða sjóðsins er www.virk.is

Starfið framundan

Öflugt félagsstarf mun án efa einkenna þí á komandi starfsári. Þrátt fyrir ógnir sem erfitt efnahagsástand hefur í för með sér felast þar líka mörg tækifæri. Félagsmönnum fjölga jafnt og þétt og starfsvettvangur þroskapjálfa breiðkar að sama skapi. Þroskapjálfar vilja öflugt félag og góða þjónustu. Á því hafa ekki orðið breytingar en allar kannanir benda til þess. Starfsemi næsta árs mun hér eftir sem hingað til einkennast af því að halda uppi hefðbundnu starfi sem og að leggja áherslu á ný verkefni stéttinni til framdráttar.

Kjara og réttindamál verða án efa fyrirferðarmikil. Allir kjarasamningar félagsins eru lausir. Því er ekki að leyna að mikil óvissa hvílir yfir efnahagslífi þjóðarinnar og þar af leiðandi öllu sem snýr að kjaramálum. Félagið mun hér eftir sem hingað til berjast ötullega fyrir kjörum félagsmanna sinna.

Á árinu verður haldið áfram að vinna að stefnumótun félagsins. Í vetur hefur stjórn skoðað hvernig rekstri skrifstofunnar verði best fyrir komið í fyrirséðri framtíð. Stjórn hefur ákveðið að á næsta ári verði breytingar á rekstri skrifstofunnar. Þessar breytingar miða að því að með formanni verði starfandi framkvæmdastjóri sem einnig er þroskapjálfi. Með þessu er gert ráð fyrir að starfshlutfall varaformanns og gjaldkera verði lagt niður sem og starf fulltrúa á skrifstofunni.

Áfram verður unnið með stjórnvöldum og öðrum hagsmunaaðilum að málefnum sem lúta að tilfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Félagið mun standa vörð um réttindi og kjör félagsmanna og mun jafnframt taka faglegan þátt í breytingaferlinu verði þess gefinn nokkur kostur.

